

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2025.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, og greiðslur samkvæmt 42. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2025:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ellilífeyrir, skv. 21. gr.	347.521	4.170.252
Hálfur ellilífeyrir, skv. 21. gr.	173.761	2.085.132
Örorkulífeyrir, skv. 26. gr.	65.730	788.760
Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 27. gr.	48.591	583.092
Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 27. gr.	65.730	788.760
Tekjutrygging, skv. 2. mgr. 28. gr.	210.485	2.525.820
Aldursviðbót (100%), skv. 29. gr.	65.730	788.760
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 40. gr.	48.131	577.572
<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>
Ráðstöfunarfé, skv. 3. mgr. 38. gr.		104.321
Dagpeningar utan stofnunar, skv. 4. mgr. 38. gr.	5.067	
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 42. gr.		48.131

2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2025:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	13.936	167.232
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	36.228	434.736
Barnalífeyrir, skv. 3. gr.	48.131	577.572
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	260.427	3.125.124
Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.	220.969	2.651.628
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	71.692	860.304
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	53.704	644.448
Endurhæfingarlífeyrir, skv. 3. mgr. 7. gr.	65.730	788.760
Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.	87.817	1.053.804
Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.	71.146	853.752
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 10. gr.	24.295	291.540

3. gr.

Fjárhæðir uppbóta og styrkja vegna kaupa á bifreið samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, sbr. reglugerð nr. 905/2021, um uppbætur og styrki til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2025:

Uppbót vegna kaupa á bifreið, skv. 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar	521.500 kr.
Uppbót vegna fyrstu kaupa á bifreið, skv. 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar	1.043.000 kr.
Styrkur til kaupa á bifreið, skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar	2.086.000 kr.
Hámarksfjárhæð vegna kaupa á sérútbúinni	

bifreið, skv. 5. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar

7.718.200 kr.

Hámarksfjárhæð vegna kaupa á hreinum rafbíl,
skv. 5. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar

8.490.020 kr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr, sbr. 62. gr. laga um almannatryggingar, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2025. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1411/2023, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2024.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 27. nóvember 2024.

Bjarni Benediktsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.